



Alþingi
Erindi nr. P 128/72
Þomudagur 15.11.2002
128/72

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.

Garðarsbraut 5, 640 Húsavík
Sími: 464-2070, Fax: 464-0406,
Netfang: atthing@atthing.is
Vefsíða: www.atthing.is

7. nóvember 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Tilvísun:

Bréf dagsett 4. nóvember 2002, vegna þskj. 16 – 16. máls á 128. löggjafarþingi – Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum

Almennt má segja um tillöguna að hún tekur mið af þáttum sem eru daglega með einum eða öðrum hætti inn á borði Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Atvinnuþróunarfélögin eru dæmi um aðila sem eru að vinna mikilvægt ráðgjafarstarf með fyrirtækjum og frumkvöðlum, og einmitt gjaman á fyrstu stigum hugmynda. Þar er þörfin líka mest jafnframt því sem erfiðast reynist oft á tíðum að fjármagna þessa þætti, sbr. þróun framlaga til atvinnuþróunarfélaga síðustu árin. Væntanlega verður nú breyting á.

Það þarf ekki ætíð að búa til eitthvað nýtt, stundum getur verið hagkvæmara að nýta það sem fyrir er, skerpa hugsanlega skilgreiningar og marka sterkari starfsramma og betri starfsskilyrði. Hér er átt við mikilvægi þess að styrkja ráðgjafarstarf sem sinnir raunverulega fyrstu skrefum, frá hugmynd að veruleika, ásamt því að fylgja viðskiptahugmyndinni eftir á fyrstu stigum lífkúrfunnar. Að sama skapi er mjög mikilvægt að skapa sem best skilyrði og aðstæður fyrir frumkvöðla/fyrirtæki til að stofna til atvinnureksturs, og enn frekar til að slíkur atvinnurekstur geti skilað tilætluðum árangri.

Ítrekað er að aðgerðin sem hér um ræðir er ekki einungis að efna til nýrra fyrirtækja, enn mikilvægara er að veita fyrirtækjum ráðgjöf (vinna með þeim á þeirra “stigi”) fyrstu árin, eða eftir aðstæðum hverju sinni, þar til þau hafa náð einhverjum ásættanlegum skilgreindum árangri.

Í því starfsumhverfi sem AP sinnir, skiptir hvert “smátt eða meðalstórt” fyrirtæki afskaplega miklu máli. Allt sem bætir laga- og starfsumhverfi á þessu sviði er til bóta.

F.h. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.

Tryggvi Finnsson
-framkvæmdastjóri-